



LEIKLIST Í KENNSLU VEFENI


Unglingastig

Vefefninu er ætlað að vera hjálpartæki fyrir kennara til að nýta á fjölbreyttan hátt bókina *Leiklist í kennslu* eftir Önnu Jeppesen og Ásu Helgu Ragnarsdóttur. Í bókinni er fjallað um hugmyndafræði leiklistar í kennslu og þar eru einnig nánari leiðbeiningar á kennsluaðferðum. Ekki er nauðsynlegt að kennarar hafi formlega menntun í þessum fræðum heldur á bókina og vefefnið að vera aðgengilegt öllum. Við gerð bókar og útfærslu hugmynda á vef hafa höfundar að leiðarljósi að kennslufræðilegt ferli leiði til jákvæðrar reynslu nemenda en sérstaða og eiginleikar leiklistar bjóða upp á einstaka námsmöguleika.

Verkefni koma úr ýmsum áttum. Að mestu eru þau beint úr smíðju höfunda en einnig eru verkefni sem hafa mótast og þróast út frá námskeiðum og hugmyndum sem höfundar hafa sótt hjá erlendum kennurum. Þeim er þá breytt og þau löguð að aðstæðum hverju sinni.

Anna Jeppesen og
Ása Helga Ragnarsdóttir





Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Byrjunaræfingar | 3 |
| Hafi nemendur ekki unnið með leiklist áður getur verið gott að nota einfaldar hugmyndir í byrjun (sjá vefefni fyrir miðstig). Æfingar eru lagaðar að þroska og áhugasviði nemenda. | |
| Líkamstjáning | 3 |
| Gömlu skórnir hans afa | 4 |
| Einelti | 6 |
| Óréttlæti | 8 |
| Híbýli vindanna | 10 |
| Börn og stríð | 14 |
| Lífsferli – einangrun | 16 |
| Helga jarlsdóttir | 18 |
| Söguljód eftir Davíð Stefánsson úr bókinni, <i>Að norðan</i> , I. bindi, bls. 200. Ljóðið er í sjö mismörgum köflum. Nota má allt ferlið eða hluta þess. Einnig má laga það að öðrum ljóðum. <i>Markmið:</i> Að nemendur skoði þau áhrif sem erfiðar aðstæður geta haft á lífsviðhorf og hegðun fólks. <i>Áhersla í námskrá:</i> íslenska, bókmenntir, samfélagsfræði, leiklist, lífsleikni og myndmennt. | |
| I. og II. kafli ljóðsins | 18 |
| III. kafli ljóðsins og lokaerindi II. kafla | 19 |
| IV., V. og VI. kafli ljóðsins | 20 |
| VII. kafli | 21 |
| Kosningar | 22 |

Leiklist í kennslu (vefefni)

© 2004 Anna Jeppesen, Ása Helga Ragnarsdóttir

Ritstjóri: Ingólfur Steinsson

Yfirllestur: Vala Þórsdóttir, Þórdís Guðjónsdóttir

Umbrot: Námsgagnastofnun

1. útgáfa 2004

Námsgagnastofnun

Reykjavík





Byrjunaræfingar

Líkamstjáning

Gott er að vekja athygli unglunga á mikilvægi þeirra skilaboða sem einstaklingur gefur frá sér án orða.

Dæmi: Nemendur í litlum hópum stilla upp kyrrmyndum af atvikum úr daglegu lífi, í tengslum við skóla, við heimilið eða félagslíf og ræða síðan um hvað má lesa úr kyrrmyndinni út frá svipbrigðum, líkamsbeitingu og klæðnaði.



(Sjð gl 3/4ru)

- Markmið: Að nemendur skoði áhrif lífsreynslu á mannlega hegðun og velti fyrir sér hversu mikilvæg lítil atvik geta verið á lífsferli mannsins.
- Þhersla ' n þmskr þ: Leiklist og lífsleikni.
- Hj þlpargšgn: Mynd af gömlum snjádum skóm og ljóðið. Gamlar myndir sem gætu tengst æviferli afa.
- Kennsluaðferðir: Þankahríð, kyrrmyndir, spuni, látbragð, afturhvarf og ritun.

Gšmlu sk—rnir hans afa

Aftan við bakdyrnar
hvísla skórnir hans afa,
dimmri hásri röddu:

„Komdu inn.
Við erum stórir skakkir og skældir,
en undir hrjúfu yfirborðinu
erum við orðnir mjúkir.

Við höfum víða farið.“
(Hšfundur —kunnur)

Kveikja Þ ankahr'ð

Nemendur sitja í hring. Allir fá í hendur blað með mynd af skóm og með ljóðinu. Kennari: „Hvað kemur upp í hugann þegar þið skoðið myndina og lesið ljóðið? Hvað geta skórnir og ljóðið sagt okkur um eigandann?“ Fyrst skoðar hver og einn myndina, síðan bera þrír til fjórir sig saman og að lokum fær kennari hugmyndir frá hópunum.

Kyrr myndir Þ spuni Þ l þbragð

Nemendur eru í fjöggra til fimm manna hópum. Hver hópur býr til kyrrmynd af einhverju sem er hart en breytist síðan í andstæðu sína og verður mjúkt. Hver hópur útbýr tvo leikþætti, með eða án orða, af tveimur atburðum úr lífi afa. Annar gerist þegar skórnir eru enn harðir og hinn þegar þeir eru orðnir mjúkir. Kennari getur unnið frekar með einstaka þátt til að dýpka ferlið. Hann getur til dæmis notað spurningar og þátttökuleikhús. Sjá IV. kafla í bókinni Leiklist ' kennslu.

Afturhvarf Þ spuni Þ umr 3/4ður

Hér getur kennari notað myndir úr „fjölskyldualbúmi“. Hver hópur fær mynd eða myndir og á að semja leikþátt sem segir frá atvikum úr lífi afa. Þeir sýna hinum hópunum. Umræður um á hvað tímabili í lífi hans þetta hefur gerst. Nemendur hafa nú nokkuð heillega mynd af persónu afa.




Ritun í hlutverki – munnleg tjáning

Hver nemandi ritar hugleiðingu út frá sjónarhorni gömlu skónna. Hvað vilja þeir segja við afa nú þegar þeir eru orðnir gamlir og þreyttir? Nemendur lesa upp hugleiðingar sínar. Einnig má túlka hugleiðingarnar myndrænt eða með spuna.

Upprifjun og mat: Nemendur velta fyrir sér hvort það sé eitthvað líkt með skónum og lífi afa. Tengja við daglegt líf og eldra fólk sem nemendur þekkja.





Einelti

| | |
|-----------------------------|--|
| <i>Markmið:</i> | Að nemendur átti sig á því að hægt er að stöðva einelti. |
| <i>Áherslur í námsskrá:</i> | Lífsleikni, leiklist, íslenska og ljóð. |
| <i>Hjálpargögn:</i> | Ljóð, blöð og skriffæri. |
| <i>Kennsluaðferðir:</i> | Spuni, orðskilningur, umræður, ljóðavinna og myndtúlkun. |

Orðabók

Nemendur eru beðnir að búa til orðabók um einelti. Hvað er einelti? Hver nemandi má aðeins nota 20 orð. Síðan bera sessunautar sig saman. Hvaða orð eru hjá báðum? eru orð sem vantar inn í? Umræður milli nemenda og kennara um hvað orðið einelti þýðir.

Spurningalisti um einelti


Kennari leggur spurningalista fyrir nemendur sem eru beðnir að athuga hvort þeir eru *sammála* eða *ósammála*. Nemendur setja hring utan um orðið sem þeim finnst eiga við.

- | | | |
|---|---------|----------|
| 1. Þeir sem leggja mest í einelti eru strákar. | Sammála | Ósammála |
| 2. Þeir sem leggja í einelti eiga vini. | Sammála | Ósammála |
| 3. Flestir sem leggja í einelti lemja fórnarlömbin. | Sammála | Ósammála |
| 4. Þeir sem leggja í einelti eru gungur. | Sammála | Ósammála |
| 5. Þeir sem leggja í einelti velja fórnarlömb sem þeir eru öruggir á að berji ekki frá sér. | Sammála | Ósammála |
| 6. Ég get séð hverjir leggja í einelti bara með því að horfa í augun á gerandanum. | Sammála | Ósammála |
| 7. Það er mikilvægt að látast ekki sjá gerendurna. | Sammála | Ósammála |
| 8. Þú ert að klaga ef þú segir frá að einhver sé að leggja í einelti. | Sammála | Ósammála |
| 9. Besta leiðin til að eiga við einelti er að snúa vörn í sókn. | Sammála | Ósammála |
| 10. Það lenda allir í einelti einhvern tíma, svoleiðis er lífið. | Sammála | Ósammála |
| 11. Eitt orð sem lýsir þeim sem leggja í einelti best _____ | | |
| 12. Eitt orð sem lýsir fórnarlambinu best _____ | | |
| 13. Mín mynd af einelti. Hver nemandi teiknar eina mynd. | | |

Mynd á töflu

Kennari teiknar útlínur af barni eða unglingi á töfluna. Hann segir nemendum að þessi persóna hafi orðið fyrir einelti. Hvaða ljótu nöfnum hefur persónan verið kölluð? Nemendur koma með tillögur og kennari skrifar þær á töfluna til hliðar við myndina. Síðan spyr kennari: „Hvernig líður þessari manneskju?“ Oftast koma þá orð eins og: *vinalaus, öðruvísi, leiður, lítill*. Orðin eru einnig sett inn á myndina. Kennari og nemendur ræða saman um hvernig persónunni líður.





Spuni

Kennari sýnir mynd þar sem augljóst er að verið er að leggja í einelti. Hann skiptir nemendum í tvo hópa. Annar hópurinn æfir og sýnir spuna sem gerist fimm mínútum áður en myndin er tekin. Hinn hópurinn sýnir spuna sem gerist viku seinna. Hverjir voru einnig til staðar? Voru einhverjir sem horfðu á?

Umræður

Kennarinn bregður aftur upp myndinni. Hann bendir á fórnarlambið og spyr nemendur: Á þessi von? Nemendur svara. Síðan bendir hann á gerandann og spyr sömu spurningar: Á þessi von? Nemendur svara. Umræður um einelti og líðan þolanda og geranda.

Unnið með ljóð

Kennari og nemendur safna saman ýmsum ljóðum um einelti. Nemendur sitja í hring. Hver nemandi velur sér eitt ljóð. Allir lesa upp sitt ljóð samtímis. Þegar nemendur hafa lesið ljóðið þá velja þeir eina setningu úr ljóðinu sem þeim finnst höfða sérstaklega til sín. Hver nemandi les upp þá setningu sem hann valdi og þannig gengur það koll af kalli. Kennari biður nú einn nemanda að ganga inn í hringinn og búa til kyrrmynd út frá setningunni. Um leið og hann setur sig í stellingar segir hann setninguna upphátt. Síðan er næsti nemandi beðinn að tengja sína kyrrmynd við hina út frá eigin setningu. Ekki þurfa allir að tengjast þeim fyrsta. Kennari getur, ef hann vill, gengið á milli og snert öxl nemenda og spurt þá hvað þeir eru að hugsa.

Paravinna

Nú vinna nemendur saman í pörum, A og B. Þeir velja annað ljóðið sem þeir þegar hafa og spinna upp samtal út frá því. Að því loknu skipta þeir um hlutverk og B tekur nú viðtal við A og reynir að fræðast sem mest um líðan hans. Einnig er möguleiki að bæta við þriðju persónunni. Hvernig líður henni?

Báttökuleikhús


Ef nemendur vilja fræðast meira um viðkomandi persónur er möguleiki á að bjóða þeim að koma inn í spunann og bæta við eða breyta. Einnig getur nemendahópurinn ákveðið að þeir vilji setja nýjan endi á spunann og geta þá skipt um hlutverk við A og B sem þá setjast í sæti sitt.

Umræður: Hvernig er hægt að bregðast við einelti?

Skrifað í hlutverki

Margir möguleikar eru á að nota skriflega útfærslu á meðan á ljóðaverkefninu stendur, eða eftir að því er lokið. Hægt er að biðja nemendur að skrifa í hlutverki sem einhver persónan í spunanum eða þeir geta skrifað og svarað þeim sem skrifaði ljóðið eða söguna sem unnið er með. Nemendur geta skrifað afsökunarbréf frá gerandanum til þolandans. Einnig er hægt að skrifa niður innri hugsanir þeirra sem standa hjá þegar einelti á sér stað og hafast ekkert að. Nemendur geta skrifað hugleiðingar sínar í dagbók um ímyndað eineltisferli. Möguleiki er á að skrifa félagsmálayfirvöldum sem þolandi í eineltisferli og lýsa ástandi og tilfinningum sínum. Sumir nemendur geta einnig skrifað í hlutverki sem félagsráðgjafar og svarað bréfinu og komið með uppástungur um hvernig hægt er að breyta atburðarásinni. Að lokum geta nemendur í hópum útbúið einskona leiðbeiningarbækling um hvernig hægt er að vinna með einelti.





Óréttlæti

| | |
|---------------------|---|
| Markmið: | Að nemendur öðlist samkennd með öðrum og leysi vandamál í sameiningu. |
| Áherslur í námskrá: | Lífsleikni, íslenska og leiklist. |
| Hjálpargögn: | Saga sem tengist áhugasviði nemenda. |
| Kennsluaðferðir: | Kyrrmyndir, spuni, umræður, hugrenningar og skrifleg túlkun. |

Umræður

Nemendur sitja í hring. Kennari ber fram spurningu: Hvort er erfiðara að vera tíu ára eða unglingur? Þeir sem segja tíu ára fara í annan enda stofunnar en þeir sem segja unglingur fara í hinn. Hóparnir velta fyrir sér hvers vegna þeim finnst þetta. Að umræðum loknum er sest aftur í hringinn og hóparnir skýra frá niðurstöðum.

Frásögn

Kennari les eftirfarandi sögu:

Mamma krosslagði fæturna og klemmdi þá saman. Hún iðaði í sætinu, jafnvel meira heldur en ég geri þegar ég er reið. „Ég hélt að þú hefðir sagt að Hulda kennari hefði ekki gefið þér einkunn enn.“ Rödd mömmu hljómaði undarlega. Það var alveg eins og hún hefði alls ekki opnað munninn þegar hún sagði þetta. „Sagðir þú það ekki í gær?“ „Ja, hérna ... Ég man það ekki,“ sagði ég. „En ég man það,“ sagði pabbi ösku-reiður. „Lára, þú skilur þetta ekki,“ sagði mamma. „Hvernig gastu logið að okkur? Þú sast bara hérna og laugst og laugst.“ „Fyrirgefðu mamma, ég ætlaði ekki. Ég býst við að ég hafi bara orðið hrædd. Málið er það að ég hef verið svo upptekin við að æfa í Rómeó og Júlíu.“ „Ef þú getur ekki haldið einkunnum þínum,“ sagði mamma, „þá ættir þú ekki að vera að æfa í neinu leikriti. Það þarf ekki að nefna það.“

Nei takk. Ég hætti sko ekki í leikritinu. Ég byrjaði að rífast. Þetta var orðið að algjörri martröð. „Ég skal læra stærðfræði alla helgina,“ grátbað ég. Guð minn góður, ég ætlaði sko ekki að hætta í leikritinu. Þau gátu ekki skipað mér það. Ég sem var með aðalhlutverkið, Júlíu. Þau höfðu ekki einu sinni spurt mig hvernig gekk í áheyrnarprófinu. Ekkert skipti þau máli nema einkunnir mínar. Þau vissu ekki einu sinni hver ég var.

Umræður

Kennari spyr hvort nemendur hafi lent í svipuðum aðstæðum. Sagan er rædd. Hvernig líður stúlkunni og hvernig líður foreldrunum? Nemendur koma með sitt álit.

Hugrenningar – skrifleg túlkun

Nemendum er skipt í 4–5 manna hópa og hver hópur fær stórt blað og tússpenna. Hóparnir eiga annars vegar að skrifa niður allt það sem mömmur segja dags daglega og hins vegar það sem feður segja daglega. Þegar því er lokið les einn úr hópnum upp setningarnar. Mikilvægt er að kennari leggi áherslu á að það sem sagt er geti svo sannarlega einnig verið jákvætt.





Dæmi:

Ertu búin að læra? Viltu fara út með ruslið? Ætlaðu í þessum fötum út? Góða nótt elskan mín. Nemendur og kennari velta vöngum yfir hvort setningar séu ólíkar eftir kynjum. Oft skapast líflegar umræður. Möguleiki er á að semja lítil spunaverk út frá setningunum.

Kyrrmyndir

Nemendum er skipt í hópa og beðnir að útbúa eftirfarandi kyrrmyndir út frá efni sögunnar:

- a) Hvernig sér mamman í sögunni Láru?
- b) Hvernig vinir hennar sjá hana.
- c) Hvernig kennararnir sjá hana.
- d) Hvernig eldri nemendur sjá hana.


Kennari getur síðan gengið á milli og spurt nemendur spurninga.

Dæmi: Hver ert þú? Hvernig líður þér? Hvað ertu að hugsa?

Spuni

Nemendur í hópum spinna upp atburðarás þar sem Lára lendir í vanda. Oft er gaman að láta hópana fá sama verkefnið sem þó kemur aldrei eins út hjá tveimur. Kennarinn hvíslar þá leynilega verkefnið að hópunum. Spuninn getur fjallað um Láru þegar hún kemur heim af æfingu á Rómeó og Júlíu, glöð og sæl. Þegar heim er komið segja foreldrar Láru henni að næstkomandi laugardagskvöld eigi amma hennar 80 ára afmæli og þegar hafi verið send út 150 boðskort. Amma er heyrnarlaus og farin að sjá illa. Þau segja henni jafnframt að hún eigi að sitja á hægri hönd ömmu sinnar enda skírð í höfuðið á henni og þær hafi alltaf verið svo nánar. Lára lendir í vanda þar sem frumsýningin á Rómeó og Júlíu er einmitt á sama tíma. Hvað gerir Lára? Foreldrar hennar eru staðráðnir í að hún eigi að fara í afmælið. Nemendur reyna að finna lausn á málinu. Hvað getur Lára gert til að leysa vandamálið?





Híbýli vindanna

Höfundur Böðvar Guðmundsson.

Nemendur í efri bekkjum grunnskóla velja oft sameiginlega frjálislestrarbók og vinna með hana á fjölbreyttan hátt. Bókin Híbýli vindanna er góður kostur. Hún inniheldur mikla sagnfræði um Vesturfarana, þá Íslendinga er fluttust vestur um haf í kringum aldamótin 1900, um leið og hún er skemmtileg aflestrar. Eftir að nemendur hafa lesið bókina og gert skrifleg verkefni sem tengjast efninu (skapandi ritun) er mikilvægt að festa efni bókarinnar í minni með því að gæða það lífi. Þá getur leiklist í kennslu verið einkar hentug kennslu-aðferð.

| | |
|-----------------------------|---|
| Markmið: | Að nemendur fái innsýn í líf Íslendinga er fluttust vestur um haf á nítjándu öld. |
| Áherslur í námsskrá: | Íslenska, leiklist. |
| Hjálpargögn: | Kort af Íslandi og Kanada, pappír, litir, tússpennar og tákn fyrir kennara í hlutverki. |
| Kennsluáðferðir: | Kyrmyndir, spuni, slúðurhringur, skrifað í hlutverki, fundur, myndtúlkun og samviskugöng. |

Frásögn

Kennslustundin hefst á því að nemendur sitja í hring í kennslustofunni/salnum. Á töfluna hefur verið skrifað eða varpað á skjávarpa:

Við erum stödd á Íslandi árið 1888. Það var mikil fátækt á þessum árum. Eldgos, harðindi, heyleysi, mikill ungbarnadauði og farsóttir höfðu herjað á landsmenn um árabil. Því var ekki að undra að fólk tæki öllum hugmyndum um betra líf fegins hendi.

Fundur með kennara í hlutverki

Kennarinn kemur inn og sest inn í nemendahringinn sem umboðsmaður Vesturfara (kennari í hlutverki). Hann hefur sett á sig tákn umboðsmanns og ávarpar nemendur sem um leið fara í hlutverk Íslendinga á 19. öld.

Kennari: „Ég vona að messan hafi verið góð hjá klerki, þó ég viti að þetta eru erfiðir tímar hjá ykkur. Jón og Ólöf í Króki hafa misst barn og einnig Þorsteinn og Þórgunnur. Ég votta ykkur innilega samúð mína. Enn bætir það sjálfsagt á vanlíðan að veður hafa verið afleit og lítið hey að hafa. Ég er kominn hingað til að kynna fyrir ykkur nýjan valkost, nýtt land sem gefur mikla möguleika. Það er allt í senn óþrjótandi landsvæði, næg vinna og hlýrra loftslag. Í stuttu máli land sem hefur allt til alls. Ameríka! Við erum tilbúin að aðstoða ykkur á allan mögulegan hátt með flutninga, að útvega vinnu og leita að húsnæði. Þið þurfið aðeins að eiga fyrir fargjaldinu. Hvað segið þið?“

Fundur

Nemendur þurfa nú að gera upp við sig hvort þeir eigi að fara, aðstæður eru auðvitað ólíkar. Sumir eiga fyrir fargjaldi, aðrir eiga veika foreldra sem þeir þyrftu þá að skilja eftir, enn aðrir eiga von á barni þá og þegar. Í umræðunni koma fram upplýsingar og þekking á kjörum fólks á þessum tíma. Að auki kemur fram löngun eftir betra lífi.





Kyrrmyndir

Nemendum er skipt niður í fjögurra manna hópa. Þeir búa til kyrrmyndir af því hvernig þeir ímynda sér að lífið í Kanada muni verða.

Teikningar

Nemendur vinna áfram í sömu hópum eftir að ákveðið hefur verið að flytjast til Kanada. Þeir sem eru saman í hópi eru samferða á skipsfjöl til Kanada. Þeir þurfa að ákveða hvað skal hafa meðferðis til fyrirheitna landsins. Því miður er aðeins pláss fyrir eitt kofort frá hverjum. Hvað þurfið þið að skilja eftir og hvað þarf nauðsynlega að fara með? Þegar nemendur hafa skrifað þetta hjá sér, býr hver og einn til lítið kofort eða teiknar það og í kofortið setur hann eða teiknar það sem hann ætla að flytja með sér í nýju heimkynnin sín. Umræðurnar eru oft mjög fróðlegar og gagnlegar og kalla á samvinnu nemenda.

Samviskugöng

Nemendur standa hver á móti öðrum í tveimur röðum og mynda þannig eins konar göng. Kennarinn í hlutverki sem Íslendingur á leið til Kanada gengur rólega í gegnum göngin. Önnur röðin reynir að telja hann af því að fara með því að hvísla að honum setningum sem koma við samvisku hans. Hin röðin hvetur hann til fararinnar.

Slúðurhringur

Nemendur eru komnir til Ameríku. Kennari skiptir þeim í tvo hópa: A og B. Hópur A er Íslendingar sem standa þöglir þétt saman í hópi. Hópur B er Kanadamenn sem sitja saman í hring. Báðir hóparnir slúðra. Kennari fær hugmyndir frá nemendum. Hvað gætu þeir verið að slúðra um? Hvað ætli þeim finnst um þetta fólk?

Umræður

Eftir æfinguna er gott að vinna með umræðupunktana sem komu fram. Eru fordómar í því sem sagt hefur verið? Hvernig er það að vera öðruvísi og hvað er að vera öðruvísi? Líta fullorðnir öðruvísi á málin heldur en börn?

Nemendur búa til litla leikþætti

Nemendum er skipt í hópa og fá mismunandi verkefni er öll rekja atburðarás sögunnar. Þeir eiga að semja og æfa litla leikþætti og inn í þá eiga nemendur að spinna þá sagnfræðibekkingu sem þeir hafa öðlast við lestur bókarinnar af hlutskipti Íslendinga sem fluttu vestur um haf.

Fyrirmæli:

- a) *Hópur eitt:* Þið eruð á skipsfjöl á leið til Kanada en hafið ólíkar ástæður til fararinnar. Á skipsfjöl þurfa nemendurnir sem nú eru í ýmsum hlutverkum að skiptast á upplýsingum af lífinu á Íslandi. Einnig koma fram vonir og væntingar um betra líf í Kanada. Lífið um borð er erfitt, hvernig kemst fólk af? Verður einhver veikur og deyr? Er matar- eða vatnsskortur? Hvað gerir fólk sér til dundurs? Kemur umboðsmaðurinn ef til vill með nýjar og óvæntar upplýsingar?





- b) *Hópur tvö:* Þið eruð Íslendingar að koma að landi í Kanada. Vetur er í nánd og umhverfið gjörólíkt öllu sem þið hafið áður séð. Hvað gerið þið þegar þið komið á land og hvernig eru móttökurnar? Hverja hittið þið fyrst? Hvað verðið þið að gera? Hvert farið þið og hvernig komist þið þangað? Hafið þið atvinnu, húsnæði?
- c) *Hópur þrjú:* Þið búið nú í Kanada. Allt er öðruvísi en á Íslandi. Barnið ykkar er veikt og þið verðið að fá lækni. Á meðan beðið er eftir læknum skrifar húsbóndinn á heimilinu bréf heim til bróður síns á Íslandi. Hann er með heimþrá og skrifar um það hve lífið sé ólíkt í nýja landinu. Hann er atvinnulaus. Það er bankað á dyrnar og inn kemur maður sem býður húsbóndanum vel launaða vinnu en það þýðir fjarvistir frá heimilinu. Þiggur húsbóndinn vinnuna? Hvað gerist þegar lækningin kemur? Skilur hann hina bjöguðu ensku foreldranna? Eiga foreldrarnir peninga til að borga lækningu? Hvað stendur í bréfinu sem húsbóndinn skrifar til bróður síns?
- d) *Hópur fjögur:* Íslendingadagur í Gimli. Íslendingar hittast, margir hafa ekki sést í langan tíma. Allir eru í góðu skapi. Mennirnir drekka og taka í nefið. Konurnar bera fram vínartertur, kleinur og pönnukökur. Fólk spyr fréttu að heiman. Maður birtist með indíána sér við hlið sem hann kynnir sem lífgjafa sinn. Kona tilkynnir að hún hafi fengið vinnu í veitingahúsi og fær góð laun. Ung stúlka kemur með þær fréttir að kona sé í barnsnauð, hvað gerið þið?
- e) *Hópur fimm:* Heimsókn í gamla föðurlandið þitt, Ísland. Þið fluttuð mjög ung með foreldrum ykkar til Kanada, nú farið þið í heimsókn til ættingja á Seyðisfirði. Sumir tala aðeins örfá orð í íslensku, aðrir meira. Þið komið með óvenjulegar gjafir frá Kanada og smakkið á skritnum íslenskum mat. Einn ykkar kemur með bréf frá frænku sinni til gamla kærastans hennar sem ekki hafði aura til fararinnar. Einn ykkar heldur smá ræðu til að segja frá ættingjum í Kanada. Hvernig taka Íslendingar á móti ykkur?

Kennari í hlutverki og spuni

Kennarinn kemur inn í ólíkum hlutverkum. Í fyrsta spuna kemur hann inn sem maður frá ráðuneytinu, í öðrum spuna sem lækni og í þeim þriðja sem áhyggjufullt foreldri. Bekknum er skipt í þrjá hópa.

Fyrirmæli:

- a) Þið eruð tveir Íslendingar sem vilja kaupa land. Kennari kemur inn í hlutverki manns frá ráðuneytinu og spyr mjög persónulegra spurninga. Hvernig bregðist þið við?
- b) Íslensk móðir kallar á lækni þar sem barn hennar er alvarlega veikt eftir bit moskítóflugna. Læknirinn (kennarinn) kemur og segir barnið ekki þola bit flugnanna og ráðleggur þeim að flytja aftur til Íslands. Hvað gerir fjölskyldan?
- c) Ungur maður kemur heim til foreldra sinna og tilkynnir að hann hafi áhuga á að giftast íslenskri stúlku. Kennari í hlutverki sem reiður faðir lendir í rifrildi við unga manninn. Faðirinn hefur heyrt að Íslendingar séu lúsugir, kunni ekki að lesa og þar fram eftir götum. Mun ungi maðurinn giftast stúlkunni?






Myndtúlkun

Nemendur, annaðhvort einir eða í hópum, velta fyrir sér hvernig er að flytja búferlum nú til dags. Hvað tekur fólk með sér? Nemendur útbúa gáma eða teikna gáma (A3 blað) og setja í gámana það sem þeir mundu hafa með sér. Umræður um mismun á hlutum sem teknir eru með í dag og um aldamótin 1900. Þetta er oft mjög gagnleg umræða bæði um gildi og nauðsyn hluta.





Börn og stríð (Sjá glæsur)

- Markmið:** Að nemendur geti sett sig í spor barna er lenda í stríðsátökum.
- Áherslur í námsskrá:** Lífsleikni og leiklist.
- Hjálpargögn:** Tvær glæsur, fyrri glæsan bendir til þess að verið sé að flytja fólk á brott. Seinni glæsan er af dreng innan við rimlaglugga. Blýantar og blöð.
- Kennsluaðferðir:** Kyrrmyndir, spuni, paravinna, afturhvarf, skrifað í hlutverki, unnið með fullyrðingar, umræður.

Kennsluverkefnið er byggt á hugmyndum úr ýmsum áttum, staðfært og aðlagð íslenskum aðstæðum. Áður en tími hefst hefur kennari sagt nemendum að kennlustundin fjalli um börn og stríð. Markmiðið er að nemendur geti sett sig í spor barna er lenda í stríðsátökum. Nemendur ganga rólega inn í herbergið í þögn og finna sér stað þar sem þeir geta horft óáreittir á mynd á myndvarpanum. Glæran er af langferðabíl og fólki. Nemendur vita ekki hver hefur tekið myndina og hvenær. Glæran hér?

Kyrrmyndir

Nemendur velja sér eina persónu af myndinni og búa til kyrrmynd af henni. Kennari gengur á milli og spyr: Hvar ert þú? Hvað heitir þú? Nemendur eru enn í kyrrmyndinni og kennari biður þá að loka augum og spyr síðan nokkra nemendur með því að snerta öxl þeirra: Hvaða lykt finnur þú? Kennari bætir síðan við: Hvaða hljóð heyrir þú?

Paravinna

Nemendur vinna í pörum A og B. Flóttamaður (A) er kominn til Íslands. Blaðamaður (B) tekur viðtal við A. Hann spyr spurninga eins og: Hver ertu? Hvaðan kemur þú? Hvað ertu að gera hér á Íslandi? Nemendur svara í hlutverki. Sá sem tekur viðtalið segir síðan frá því sem hann komst að. Síðan má skipta um hlutverk til þess að fá frekari vitneskju.

Spuni

Bekknun er skipt í tvennt. Annar helmingurinn býr til spuna sem á að gerast fimm mínútum áður en myndin (glæran) er tekin en hinn helmingur bekkjarins fimm mínútum eftir að myndin hefur verið tekin.


Afturhvarf

Veljið í sameiningu eina persónu af myndinni sem þið gjarnan viljið vinna nánar með. **Dæmi:** Nemendur velja til dæmis bílstjóran. Kennari skiptir nemendum í þrjá hópa. Hver hópur býr til lítinn spuna sem sýnir einn dag í lífi bílstjórans. Fyrsti hópurinn fær morgun, annar hádegi og sá þriðji kvöldið. Ein aðalpersóna er í öllum þáttunum, bílstjórinn sjálfur. Gott er að merkja hana með einhverju tákni til dæmis hatti, jakka eða tösku.

Skrifað í hlutverki

Glæra með strák sem situr við glugga er sett á myndvarpann. Það eru rimlar fyrir glugganum. Nemendur fá góðan tíma til að athuga myndina. Þegar því er lokið eiga þeir að skrifa í hlutverki stráksins. Hver er þetta? Hvar er hann? Hvers vegna er hann þarna? Hversu lengi





hefur hann verið þarna? Hvað hefur gerst? Hvað dreymir hann um? Nemendur skrifa bréf eða dagbókarfærslu og lesa síðan upp.

Að taka afstöðu

Nemendur sitja í hring. Kennari hefur samið nokkrar fullyrðingar sem hann les upp fyrir nemendur. Ef nemendur eru sammála fullyrðingunni sitja þeir kyrrir en ef þeir eru ósammála þá skipta þeir um sæti við þá sem einnig eru ósammála.

Fyrsta æfing

Dæmi um fullyrðingar:

1. Stríð er verra fyrir konur en fyrir karla.
2. Ég er aldrei hrædd um að það komi stríð í mínu landi.
3. Best er að vinna stríð með stríði.
4. Unglingar undir 18 ára aldri eiga ekki að taka þátt í stríði.
5. Aðeins ætti að senda í stríð þá sem eru barnlausir.
6. Stríði er aldrei lokið fyrr en einhver vinnur.

Oft skapast gagnlegar umræður í tengslum við þetta viðfangsefni.

Önnur æfing

Dæmi um fullyrðingar:

Kennari númerar hornin fjögur í kennslustofunni. Les síðan upp fjórar fullyrðingar og á ein fullyrðing við hvert horn. Nemendur hlusta fyrst á þær allar en fara síðan í það horn sem þeir kjósa helst út frá fullyrðingunum.

- a) Kennari les: Unglingar undir 18 ára eiga ekki að fara í stríð
 1. Af því þeir eru of ungir og það þarf að vernda þá (horn eitt).
 2. Af því þeir eru of ragir við að drepa (horn tvö).
 3. Af því þeir líta á sig sem aðalpersónu í stríðsmynd og skjóta og skjóta (horn þrjú).
 4. Ekkert af þessu (horn fjögur).
- b) Kennari les: Fyrstu fórnarlömbin í stríði eru
 1. Börn (horn eitt).
 2. Konur (horn tvö).
 3. Stríðsmenn (horn þrjú).
 4. Ekkert af þessu (horn fjögur).


Þriðja æfing

Kennari biður nemendur að raða sér í röð eftir því hvort þeir eru sammála fullyrðingunni sem lesin er upp eða ekki. Lengst til vinstri eru þeir sem eru alveg sammála, í miðjunni töluvert sammála og til hægri ósammála.

Kennari les:

1. Það á að hlífa börnum við að sjá stríðsmyndir.
2. Í bekk þar sem eru flóttamenn á að forðast að tala um stríð.
3. Sem uppeldisfræðingar eiga kennarar ekki að taka afstöðu til stríðs.





Kistill eða kassi

Nemendur eru í fyrstu hópunum.

Kennari: „Það er lítill kistill í íbúð konunnar sem geymir hluti sem hafa mikið gildi fyrir hana. Hvað gæti verið í þessum kistli?“ Hver hópur fær eina örku og tússpenna. Hver og einn á að teikna það sem hann gæti ímyndað sér að sé í kistlinum. Þeir deila með hinum hópunum. (Nota má raunverulegan kistil með ýmsum munum).

Spuni


Hver hópur velur einn til tvo gripa og spinnur leikþátt um hvernig konan eignaðist gripina og hvers vegna hluturinn er mikilvægur. Atriðin sýnd hinum.

Kyrrmyndir og hugrenningar

Nemendur eru í fjórum hópum og allir eru með klippimyndina. Kennari biður nemendur að ræða um hvernig þeir gætu hjálpað konunni. Hver hópur býr síðan til kyrrmynd sem sýnir hvernig má aðstoða hana við að breyta lífi sínu. Myndin lifnar við þegar kennari snertir hana og hver og einn segir sínar hugsanir.

Umræður í lokin: Þekkið þið fólk sem á við svipuð vandamál að etja?





Helga jarlsdóttir

I. og II. kafli ljóðsins (alls 8 erindi)

Hjálpargögn: Ljósrit með erindum 2–7, stóll, kerti, tónlist helst frá vikingatíma og sjal. Langur renningur og tússpenni á hvern nemanda og nokkrar stórar arkir til að festa renningana á.

Kennsluaðferðir: Tvö A3 blöð á hóp, kennaratyggi og tákn fyrir veislugest. Textarýni, hugrenningar, persónusköpun, kyrrmyndir.

Kveikja

Nemendur ganga inn í hálfdimmt rými og setjast í hring. Í einu horni er stóll og einhver lýsing en þar er texti lesinn og tónlist leikin. Kennari setur gjarnan á sig sjal til að skapa hátíðlegt andrúmsloft og sest síðan á stólinn í horninu. Kennari les fyrsta erindið, stendur síðan upp og tekur af sér sjalið. Hann sest í hringinn hjá nemendum:

Kennari: „Þetta erindi er úr sögukvæði sem gerist meðal heiðins fólks á landnámsöld. Ljóðið fjallar um líf Helgu en hún er jarlsdóttir og býr á Gautlandi sem er eyja í Eystrasalti. Ljóðið byggir á atburðum úr Harðar sögu Grímkelssonar. Við munum skoða ljóðið og söguna á bak við það. Ég les sex af sjö erindum í öðrum kafla ljóðsins og bið ykkur að loka augunum á meðan og reyna að sjá fyrir ykkur í hvernig umhverfi þessi hluti ljóðsins gerist.“ Kennari sest síðan í hornið með sjalið og les sex næstu erindi. Hann yfirgefur stólinn.

Textarýni – hugrenningar – munnleg túlkun

Nemendur fá dreifildi með öðru til sjöunda erindi. Við lesum það aftur en nú mega þeir horfa á blaðið ef þeir vilja. Lestri er skipt á milli nemenda.

Kennari: „Eru orð sem þið skiljið ekki?“ Orðin útskýrð og rædd. Nemendur vinna saman í pörum. Þeir eru beðnir að strika undir orð í textanum sem lýsa umhverfinu.

Kennari: „Nú á hver og einn að lýsa umhverfi ljóðsins með einni setningu sem gæti byrjað: „Ég sé fyrir mér ...eða, það eru ...“ Þegar allir hafa sagt sína setningu dregur kennari saman aðalatriðin í því sem fram kom: „Við erum þá stödd í ...“

Nemendum skipt í þriggja til sex manna hópa eftir stærð bekkjar. Hver hópur fær eitt erindi og þrjár stórar arkir, einnig tússpenna og renninga fyrir alla. Erindinu er skipt milli nemenda í hópnum. Hver nemandi skrifar á renning setningu sem kemur upp í hugann þegar hann les sinn hluta. Setningum er síðan raðað í samræmi við erindi og fest á eina örkina. Hver hópur les upp það sem hann hefur skrifað. Allir loka augum og hlusta nema sá hópur sem er að lesa hverju sinni. Arkirnar eru festar upp á vegg.

Kennari: „Hvað segir textinn um útlit Helgu og Harðar, gjörvileika, aldur og stöðu þeirra í þjóðfélaginu?“ Hver hópur skoðar sitt erindi og kemur sér saman um setningar sem eru skráðar á spjöld undir nöfnum Helgu eða Harðar. Spjöldin fara einnig upp á vegg. Nemendur skoða og ræða um það sem stendur á spjöldunum.





Persónusköpun og kyrrmyndir

Allir sitja saman í hópi.

Kennari: „Nú skuluð þið ímynda ykkur að þið séuð íbúar á Gautlandi, hver eruð þið?“
Nemendur fá tíma til að hugsa og síðan spyr kennari hvern og einn hver hann er. „Það er veisla í gangi í kastalanum og þið eruð í veislunni eða stödd í nágrenni við kastalann. Komið ykkur fyrir í kyrrmynd.“

Kennari í hlutverki manns sem er nýkominn á staðinn gengur á milli og spyr hver og einn hvað hann sé að gera, hvað sé um að vera í kastalanum og álit fólks á sambandi Helgu jarlsdóttur og þessa óþekhta manns frá Íslandi.

Hugrenningar

Nemendur eru í tveimur hópum A og B. Þeir eru allir samvíska Helgu. Helga situr á milli hópanna. Hópur A veltir fyrir sér rökum sem styðja það að hún fylgi Herði til Íslands en hópur B finnur rök fyrir því að réttast væri að hætta við allt saman. Hver og einn segir sína setningu.

III. Kafli ljóðsins og lokaerindi í II. kafla (alls 5 erindi).

Hjálpargögn: Tónlist, tákni fyrir unga stúlku til dæmis þunn slæða. Glæra með lokaerindi í II. kafla og tvö A3 blöð og tússpennar fyrir hvern hóp. Ljósrit með III. kafla ljóðsins, hnykill, tónlist og litlir límmiðar.

Kennsluaðferðir: Þankahríð, spuni, örlagavefur.

Kveikja

Nemendur sitja í sex hópum. Tónlist er leikin og kennari í hlutverki ungrar stúlku les lokaerindið í II. hluta en erindið lýsir Íslandi og myndar tengsl við það sem eftir er af ljóðinu. Hann les erindið tvisvar og varpar því svo á glæru. Hver hópur fær tvö A3 blöð og tússpenna. Nemendur skrifa á annað blaðið orð sem lýsa landinu og á hitt blaðið skrifa þeir orð sem lýsa tilfinningum stúlkunnar. Hver hópur stendur upp og les sinn texta. Allir taka þátt í flutningnum.


Umræður og spuni

Nemendur fá í hendur III. hluta ljóðsins. Kennari eða nemendur lesa hann. Best er að gera það í horninu eins og áður. Hver hópur ræðir um ástæður þess að Hörður var gerður útlægur og býr til leikþátt um það sem gæti hafa gerst. Þeir sýna hinum.

Örlagavefur Sjá IV. kafla í bókinni *Leiklist í kennslu*.

Kennari og nemendur standa í hring. Kennari er með hnykil sem er hent á milli nemenda og þannig er spunninn örlagavefur Harðar. Þegar hnyklinum er hent segir sá sem hendir eitthvað um Hörð eða ástæður fyrir útleög hans. Þegar allir hafa garn í hendi, fær kennari aftur hnykilinn. Hann lætur hnykilinn ganga hringinn á milli nemenda og nú eiga allir að segja eina setningu um tilfinningar Helgu í garð Harðar um leið og þeir afhenda næsta manni hnykilinn. Vefurinn er síðan lagður á gólfid. Nemendur skrifa á litla miða eitthvað af hugsunum sínum um örlög Harðar og setja inn í hólfin á vefnum. Þeir ganga síðan á milli og skoða það sem stendur á miðunum. Umræður.





Ábending: Nemendur í hópum geta útbúið örlagavefinn á stórt blað. Sjá útfærslu í IV. kafla í bókinni *Leiklist í kennslu*.

IV. V. og VI. kafli ljóðsins (alls 8 erindi)

Hjálpargögn: Ljósrit með IV. kafla og annað ljósrit með V. og VI. kafla ljóðsins.
Kennsluaðferðir: Hljóðmynd, hugrenningar, paravinna, kyrrmyndir, samviskugöng, textarýni, umræður og myndtúlkun.

Hljóðmynd

Allir sitja í hring á gólfinu og einn nemandi í hlutverki Helgu situr í miðjum hringnum. Kennari les IV. hluta ljóðsins. Hvaða hljóð heyrir Helga á köldum, myrkum nóttum úti í hólmanum, þegar Hörður er þar ekki? Einn byrjar annar tekur við og að lokum allur hópurinn nema Helga.

Hugrenningar og hreyfing

Hver og einn lýsir með orðum því sem Helga hugsar um á þessum nóttum. Nemandi sem var í hlutverki Helgu er nú hluti af hópnum. Hópar búa til hreyfispuna sem lýsir líðan hennar.

Paravinna

Tveir og tveir saman, A og B. A býður B út í hólmann. Þeir ganga um og A lýsir því sem fyrir augu ber. B hefur augun lokuð á meðan og reynir að sjá fyrir sér hvernig umhorfs er í hólmanum. Ræða saman á eftir hvort þeir hefðu gert sér svipaðar hugmyndir um aðstæður í hólmanum. Þetta má einnig túlka myndrænt.

Kyrrmyndir

Nemendur eru í þriggja til fjöggra manna hópum. Kennari: „Þið vitið um ýmislegt sem menn notuðu á þessum tíma. Ræðið um það sem þið teljið að hafi verið í hólmanum.“ Hver hópur býr til kyrrmynd af einhverju sem hann telur að hafi verið þarna. Kennari gengur síðan á milli og spyr um kyrrmyndirnar. Umræður um fleira sem var sennilega í hólmanum.

Samviskugöng

Nemendur setjast á gólfið. Kennari les tvisvar tvö erindi af fimmta hluta. Erindin fjalla um sund Helgu með syni sína tvo frá hólmanum til lands. Nemendur stilla sér upp í tvær raðir A og B, þannig að þeir mynda göng. Andlitin snúa inn í göngin. A er vonin og hvatningin en B er óttinn. Kennari sem er í hlutverki Helgu gengur mjög hægt í gegnum göngin og hver og einn segir sína setningu um leið og kennarinn (Helga) fer rólega fram hjá. Gott að endurtaka. Sjá IV. kafla í bókinni *Leiklist í kennslu*.

Nemendur setjast og kennari les lokaerindi í V. hluta.





Textarýni og umræður

Nemendur í litlum hópum fá fimmta og sjötta hluta ljóðsins. Þeir lesa textann og skoða hann síðan saman og hver hópur skráir sínar niðurstöður. Dæmi um spurningar:

1. Hvaða orð lýsa hafinu og hvaða orð eru höfð um dráp, dauða og hetjuskap?
2. Hvað segir textinn um syni Helgu og hvað er sagt um Helgu?
3. Hvað er það í þessum hluta sem minnir okkur á að Helga er heiðin kona?

VII. kafli (3 erindi)

Hjálpargögn: Ljósrit af VII. kafla og efni til myndtúlkunar.

Kennsluaðferðir: Umræður, hugrenningar, myndtúlkun.

Umræður

Nemendur eru í þriggja til fjöggra manna hópum. Kennari les niðurlag ljóðsins.

Kennari: „Hóparnir eiga að koma sér saman um fjögur atriði sem standa upp úr í minningu Helgu.“ Hver hópur segir sínar hugmyndir.

Hugrenningar

Nemendur sitja í hring og eru beðnir um að fara aftur í spor heimamanna á Gautlandi, þeirra sömu og þeir voru í byrjun. Hvaða athugasemdir hafa þeir, þegar Helga kemur aftur til Gautlands? Hver og einn kemur með sína athugasemd.

Myndtúlkun


Ljóðinu er skipt á milli fjöggra manna hópa og hver hópur gerir klippimynd út frá sínum hluta textans.

Upprifjun og mat: Hvað getum við lært af þessu ljóði? Tengist það á einhvern hátt því sem er að gerast í heiminum í dag?

Umræður

Í lokin er mikilvægt að gefa tíma fyrir umræður og skoðanaskipti. Hvað er það sem gerir það að verkum að erfitt er að koma á friði í heiminum?





Kosningar

Þessi leið er áhugaverð blanda af námi og skemmtun. Kosning getur verið hluti af viðfangsefni nemenda eða sjálfstætt ferli. Best er að tengja kosninguna við málefni sem vekur áhuga nemenda hverju sinni eða málefni sem verið er að fjalla um í samfélaginu.

Dæmi: Forsetakosningar, kosningar til sveitastjórnar eða alþingis. Einnig má nota þessa leið í tengslum við námsefni, til dæmis við kosningu leiðtoga sem á að sinna ákveðnum mál-efnum.

- Markmið:* Að nemendur átti sig á mikilvægi þess að velja hæfa leiðtoga til forystu og að þeir vinni verkefni sem tengjast því sem er að gerast í samfélaginu.
- Aldur:* 12 ára og eldri en má aðlaga og einfalda fyrir yngri hópa.
- Áherslur í námskrá:* Leiklist og samfélagsfræði þar sem ímyndunarafli og munnleg og skrifleg túlkun eru í fyrirrúmi.
- Hjálpargögn:* Fyrimæli, línustrikuð blöð, blýantar, litaður pappír, skæri, lím, títuprjónar, kosningamiðar. Einnig má hafa búninga til að nota á framboðsfundi.
- Kennsluaðferðir:* Persónusköpun, sérfræðingar, spuni, ritun, hönnun.

Persónusköpun

Nemendum er skipt í fjöggra til fimm manna hópa. Hver hópur fær blað og ritföng og velur sér ritara. Hópurinn hannar ímyndaðan en áhugaverðan og hæfan frambjóðanda í stöðu sem tengist viðfangsefninu sem verið er að fjalla um. Hér er það frambjóðandi til forseta. Hópurinn byrjar á að ákveða kyn, nafn og aldur frambjóðanda. Þeir ákveða og skrá hjá sér atriði eins og útlit, eiginleika, fjölskylduaðstæður, stöðu og námsferil.

Umræður

Kennari biður hópana að velta fyrir sér hvað þeir sem sérfræðingar um málefni forseta Íslands verða að vita og geta. Hann fær hugmyndir frá hópunum.

Sérfræðingar – stefnuskrá

Kennari: „Þið eruð sérfræðingar í öllu sem snertir þetta embætti. Frambjóðandi hópsins ætlar að bjóða sig fram og velur ykkur sem kosningastjóra. Hópar fá fyrimæli:

Ágæta starfsfólk

Þið setjið saman *stefnuskrá* frambjóðanda ykkar. Í henni eiga að koma fram helstu þættir sem hann hyggst leggja áherslu á í starfi sínu og stefnuskráin á að hafa nafn. Þið hannið einnig merki og slagorð frambjóðandans.

Síðan á að halda sameiginlegan kosningafund allra frambjóðenda. Einn úr hópnum tekur að sér að vera frambjóðandinn sem kemur og kynnir sig. Þið veljið annan til að flytja stefnuræðuna. Allir í hópnum taka þátt í kynningunni.





Kosningar

Þegar kemur að kynningu á frambjóðendum er kennarinn fundarstjóri eða nemandi sem treystir sér til þess (má tengja formlegum fundarsköpum). Áður en fundur hefst fær fundarstjóri nöfn frambjóðenda og í hvaða röð hann á að kynna þá og þeirra menn. Hann fær einstaklinga til að annast kosningu og talningu atkvæða. Rétt getur verið að nemendur kjósi án nafnleyndar til að tryggja að ekki sé valinn eigin frambjóðandi.

Framboðsfundur

1. Hver hópur kynnir sinn frambjóðanda og stefnu hans.
2. Kosið er um frambjóðanda. Ekki má velja eigin frambjóðanda.
3. Úrslitin kunngjörð.
4. Sá útvaldi stendur upp og flytur ávarp, einn eða með aðstoð sinna manna.

Upprifjun og mat

Best er að láta nemendur sjálfa um að meta ferlið. Spurningar kennara fara eftir aldri og þroska nemenda.

Dæmi: Hafið þið hugsað út í hvað það þýðir að hafa kosningarétt eða skiptir máli hvern þið kjósið?

